



**DET KONGELIGE
UTENRIKSDEPARTEMENT**

Próunarmálaráðherra

Til Norðurlandaráðs
Berist til þingkonunnar Lindu Modig (M), Svíþjóð

Ósló, 25.04.2022

Svar við skriflegri fyrirspurn E7/2022 um nútímavæðingu Helsingforssamningsins

Noregur gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og hefur tekið við skriflegri fyrirspurn þingkonunnar Lindu Modig (M), Svíþjóð.

Eftirfarandi fyrirspurn er beint til ríkisstjórna Norðurlandanna:

Eru ríkisstjórnir á Norðurlöndum reiðubúnar til að endurskoða, og eftir þörfum, laga Helsingforssamninginn að nútímanum til að tryggja að samningurinn og norrænt samstarf eigi erindi?

Svar okkar fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlandanna er svohljóðandi:

Í svari Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælum 15/2021 er greint frá því hvernig brugðist var við kórónaveirukreppunni út frá norrænu sjónarhorni. Þar kemur fram að ráðist hafi verið í umfangsmikla eftirfylgni og að ráðherranefndin muni vinna skýrslu fyrir norrænu forsætisráðherrana og Norðurlandaráð og heildstæð yfirsýn yfir eftirfylgni vegna norrænnar samvinnu á krepputímum verði veitt á þingi Norðurlandaráðs haustið 2022. Við leggjum áherslu á stöðugt samtal við Norðurlandaráð um hvaða lærdóma við getum dregið af heimsfaraldrinum.

Helsingforssamningurinn var undirritaður 23. mars 1962 og er hann því 60 ára gamall á þessu ári. Helsingforssamningurinn er grundvallarsamningur um samstarf Norðurlanda sem tilgreinir heildar- markmið norrænnar samvinnu og samstarfshætti Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk Helsingforssamningsins er að finna aðra norræna samstarfssamninga á ýmsum sviðum.

Breytingar hafa verið gerðar nokkrum sinnum á Helsingforssamningnum, síðast árið 1995 þegar þrjú Norðurlandanna gengu í Evrópusambandið og tvö lönd tengdust ESB með EES-samningnum.

Breytingarnar á Helsingforssamningnum gengu í gildi 2. janúar 1996.

Norræn samvinna breytist í takt við þarfir samfélagsins og þróun mála í umheiminum. Ný málefni, nýjar aðstæður og nýjar áskoranir kalla á nýja nálgun.

Ríkisstjórnir Norðurlandanna líta svo á að Helsingforssamningurinn sé góð umgjörð um norrænt samstarf. Viðhorfið nú er að norrænt samstarf sé kraftmikið og sveigjanlegt og að hvorki eigi né þurfi að formfesta allt í Helsingforssamningnum. Sú eftirfylgni sem hafin er í framhaldi af hættuástandi er gott dæmi um þetta.

Verði síðar pólitísk samstaða á Norðurlöndum um að nútímavæða Helsingforssamninginn er ekkert því til fyrirstöðu því.

Með góðri kveðju,

Anne Beathe Tvinnereim
Ráðherra norrænnar samvinnu